



Alþingi
Erindi nr. P 127/1058
komudagur 5. 4. 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingi
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. apríl 2002
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, 505. mál
Tilv: 02030001

Vísað er í erindi landbúnaðarnefndar dags. 22. febrúar sl. varðandi ofangreint frumvarp.


Búnaðarþing 2002 hafði frumvarpið til umfjöllunar og samþykkti eftirfarandi ályktun, sem hér með er komið á framfæri. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu, sem er vegna mistaka.

"Búnaðarþing 2002 mótmælir fyrirhugaðri hækkun á gjaldi sem innheimt er vegna heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum.

Greinargerð:

Ekki liggur fyrir með skýrum hætti sundurliðun á þeim kostnaði sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Við þær aðstæður er ómögulegt að meta þörfina fyrir hækkun. Upplýsingar um þennan kostnað þurfa að vera aðgengilegar fyrir þá sem gjaldið eiga að bera. Nauðsynlegt er að sláturleyfishafi staðfesti vinnuframlag vegna eftirlitsins. Einnig þarf að koma í veg fyrir skörun á eftirliti dýralækna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga".

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurðir Þorgeirsson